



Félagsmálaráðuneytið

Svar við skriflegri fyrirspurn E8/2024

Norrænu ríkisstjórnirnar hafa mótttekið skriflega fyrirspurn stjórnsluhóps Norðurlandaráðs um stjórnsluhindranir í tengslum við norræna félagsmálasáttmálann (E8/2024). Bakgrunnurinn er að fram hefur komið að fjórar stjórnsluhindranir, sem hafa verið í forgangi hjá Stjórnsluhindranaráðinu frá 2014-2020, hafa ekki verið afgreiddar hjá viðkomandi ráðherrum. Þessar fjórar stjórnsluhindranir eru: Flutningar einstaklinga sem búa á stofnunum, Samgönguþjónusta fatlaðra, Persónulegur aðstoðarmaður við búferlaflutninga og Flutningar með ökutæki fyrir fólk með fötlun.

Stjórnsluhindranahópur Norðurlandaráðs vill beina eftirfarandi spurningum til viðkomandi ráðherra:

- Hvenær reiknar ráðherra með því að þessar stjórnsluhindranir verði afgreiddar sem afskrifaðar samkvæmt ofangreindri skilgreiningu?
- Getur ráðherrann gefið stjórnsluhindranahópi Norðurlandaráðs uppfærðar upplýsingar um framgang vinnunnar að þessum hindrunum við úttekt á endurskoðun norræna félagsmálasáttmálans frá árinu 2015?

Svar ríkisstjórna Norðurlanda er svohljóðandi:

Afskrift þriggja núverandi stjórnsluhindrana er tengd yfirstandandi endurskoðun Norræna sáttmálans um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu (félagsmálasáttmálans). Þessi endurskoðun snertir ýmis flókin málefni sem fela meðal annars í sér efnahagslega og lagalega þætti sem og

samband félagsmálasáttmálans og ESB-löggjafar. Embættismannanefndin um félags- og heilbrigðismál (ÄK-S) skipaði í september 2023 starfshóp sem hefur það hlutverk að móta tillögur um framhald vinnunnar við félagsmálasáttmálann. Tillögurnar verða að vera það skýrar að stjórnmalaleiðtogar í löndunum og á sjálfstjórnarsvæðum geti tekið afstöðu til þeirra. Starfshópurinn hefur einnig það verkefni að kanna í tengslum við lýsingar á tillögunum að endurskoða sáttmálann og lýsa afleiðingum þess hvort, og ef svo, er leggja til hvernig leysa megi þessar þrjár stjórnsýsluhindranir með því að endurskoða sáttmálann. Starfshópurinn skal kynna tillögur sínar að áframhaldandi vinnu og áætlun fyrir ákvörðunarferli í síðasta lagi á fyrsta fundi ÄK-S árið 2025. Stjórnsýsluhindrunin Flutningar með ökutæki fyrir fólk með fötlun tengist ekki umboði starfshópsins. ÄK-S þarf að kanna hvort afgreiða og afskrifa megi stjórnsýsluhindrunina í tengslum við vinnuna að gerð yfirlits yfir félagsmálasáttmálann. Í ljósi þess að vinnan er í gangi og að samþykkja og ræða þarf væntanlegar tillögur í pólitískri forystu landanna áður en ÄK-S getur haldið áfram vinnunni er erfitt að spá fyrir um hvenær hægt verður að afskrifa þær.

Hvað varðar vinnuferlið setti ÄK-S endurskoðunarhóp á laggirnar árið 2015 sem fékk það verkefni að útbúa drög að nýjum norrænum sáttmála um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu. Á fundi ÄK-S í september 2017 kynnti endurskoðunarhópurinn tillögðu að endurskoðuðum sáttmála og fram kom að skoða þyrfti ESB-réttarleg álitæfni í tengslum við sáttmálann. Á fundi ÄK-S í febrúar 2019 gaf embættismannanefndin skrifstofunni umboð til að hefja greiningarvinnu í tengslum við ESB-réttarleg álitæfni sem komið höfðu fram í tengslum við endurskoðun félagsmálasáttmálans. Verkefnið fólst í því að varpa ljósi á ytri valdheimildir ESB í tengslum við tillöguna að endurskoðun sáttmálans. Verktakinn, dósent í Evrópurétti og lektor í þjóðarrétti við háskólann í Stokkhólmi, Jaan Paju, kynnti niðurstöður lagagreiningarinnar fyrir ÄK-S í febrúar 2023. Lagagreiningin á tillögunni að endurskoðun félagsmálasáttmálans í tengslum við ESB-löggjöf gaf ekki skýr svör um hvernig haga skuli áframhaldi málsins. ÄK-S ákveð þess vegna að skrifstofan í samstarfi við Svíþjóð og formennsku Íslands skyldi semja tillögu að umboði fyrir starfshópinn sem nú vinnur á þessu máli.